

Nd. 201. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómara aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og sakadómara í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm, í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu breytingu frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að dómara þeir, sem skipaðir verði við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, fari með dómsvald í opinberum málum, auk þeirra dómara, er farið hafa með það samkvæmt gildandi lögum. Er þessi breyting í samræmi við frumvarp til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu.